

Mjólka ehf. bætir innihaldslýsingu á umbúðum skyrtertna í samráði við Matvælastofnun

Matvælafyrirtækið Mjólka vekur athygli neytenda á því að í þremur tegundum skyrtertna, sem fyrirtækið framleiðir, er notuð kexmylsna, sem í er hveiti, án þess að getið hafi verið um það í innihaldslýsingum á umbúðum varanna.

Matvælastofnun gerði athugasemd við innihaldslýsingarnar fyrr í þessari viku. Starfsmenn Mjólku brugðust þegar í stað við með því að setja límmiða á umbúðir þessara tilteknu vara í verslunum um allt land og tilgreina að í þær sé notað hveiti.

Málið varðar þrjár af alls fimm tegundum skyrtertna frá Mjólku: **bláberjatertu**, **sólberjatertu** og **Irish skyrtertu**. Engar athugasemdir voru gerðar við innihaldslýsingu mangótertu og hindberjaertu.

Matvælastofnun vísar til reglugerðar um að koma skuli skýrt fram í innihaldslýsingum ef að í vörum séu efni á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda eða upprunnin úr þeim. Þar á meðal eru hveiti og hveitiafurðir sem innihalda glúteni.

Skýrt skal tekið fram að matvæli með hveitiinnihaldi eru skaðlaus þeim sem ekki hafa óþol eða ofnæmi fyrir glúteni.

Mjólka biður viðskiptavini sína velvirðingar og hvetur þá, sem hafa óþol eða ofnæmi fyrir glúteni, að forðast að borða skyrterturnar sem hér um ræðir. Unnt er að skila vörunum til Mjólku að Eyrartröð 2a í Hafnarfirði eða í verslunum, utan höfuðborgarsvæðsins, þar sem vörurnar voru keyptar.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 414 6500 eða í tölvupósti, mjolka@mjolka.is.

F.h. Mjólku ehf.,

Friðrik Mar Guðmundsson
framkvæmdastjóri.